

Fundargerð fulltrúaráðs

69. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn fimmtudaginn 8. desember, 2007 kl. 12.00 að Hótel Selfoss

Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson og Ingvar G. Ingvarsson.

Einnig mætti á fundinn:

Ingvar Guðmundsson, formaður Björgunarfélags Árborgar, Stefán Helgason, formaður eignafélags Björgunarfélags Árborgar, Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn Árnassýslu, Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar Snorri Baldursson, varaslökkviliðsstjóri BÁ, fulltrúar slökkviliðsmanna BÁ, fulltrúar sjúkraflutningsmanna, blaðamenn og nokkrir makar slökkviliðsmanna. Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri BÁ stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Samningur um leigu á húsnæði Björgunarfélags Árborgar
Fyrir fundinum lág “**LEIGUSAMNINGUR**” milli Björgunarfélags Árborgar (650601-2290) annarsvegar, og Brunavarna Árnassýslu (470775-0419) hinsvegar um leigu á húsnæði Björgunarfélagsins við Árveg 1 Selfossi. Um er að ræða iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði samtals 1.126,4 m². Leigutími er til 25 ára, frá 17. júní 2008 til 17. júní 2033.

Umræður:

Slökkviliðsstjóri gerði stutta grein fyrir aðdraganda samningsins. Formaður Björgunarfélags Árborgar gerði grein fyrir byggingunni. Yfirlögregluþjónn sagði frá mikilvægi þess að viðbragðsaðilar vinni saman og fagnaði því að starfsemi slökkviliðs-björgunarsveitar og sjúkraflutnings kæmi á svæðið við lögreglustöðina. Bæjarstjóri flutti kveðjur bæjarstjórnar og lýsti yfir ánægju með þennan áfanga varðandi viðbragðs- og björgunarmál sveitarfélagsins og í Árnassýslu. Formaður BÁ, Margrét Erlingsdóttir, fór yfir málið í heild sinni, m.a. þakkaði hún öllum sem að komu fyrir vinnu sína. Hún bauð síðan aðilum að skrifa undir samningin fyrir hönd leigusala og leigutaka. Margrét og Kristján skrifuðu undir fyrir hönd BÁ, Ingvar og Stefán skrifuðu undir fyrir hönd Björgunarfélagsins. Fundargerð og samningur verður sendur til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga BÁ til staðfestingar.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.45

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson,
Ingvar G. Ingvarsson og Kristján Einarsson**